

Náttúrufræðikennsla í Stóru-Vogaskóla

Kynning fyrir fjölskyldur nemenda

(og aðra er málið varðar)

Veturinn 2011 – 2012

Styrkt af Verkefna- og námsstyrkjasjóði K.Í.

Til hvers svona kynning?

- Kanna leiðir til að styrkja tengsl og samvinnu skóla og heimila um það sameiginlega verkefni að kenna börnunum náttúrufræði
- Stuðningur og áhugi foreldra og annars heimilisfólks við nám barna hefur veruleg áhrif á námsárangur þeirra
- Bein kynni heimilisfólks af því sem fer fram í kennslustundum gæti orðið stuðningur við nám barnanna
- Náttúrufræðin hafa breyst síðan foreldrar, afar og ömmur voru í skóla
- Liður í að efla og viðhalda sambandi og samvinnu skóla og heimilis og auka samveru foreldra, nemenda og systkina.

Hvað var gert?

- sérstök kynning á náttúrufræðikennslu í Stóru-Vogaskóla fyrir fjölskyldur nemenda í 5. – 10. bekk
- 1 klst. síðdegissamkomur fyrir hvern bekk fyrir sig
- Kynnt í mentor, 2x
- Hver bekkur fékk eina kynningu um miðbik haustannar og tveir þeirra aftur á vorönn
- Fyrst velkomst-kaffi, svo 20 mín. glærुकynning kennara, svo kynntu bæði kennarinn og nemendur verkefni og gestirnir fengu að spreyta sig.
- Létt stemming, stundum sungið í lokin

Árangur

- Mæting 14-35 manns, blanda foreldra, nemenda og systkina
- Fjöldi í bekk 15 – 22, nærri helmingur nemenda og tæplega helmingur fjölskyldna mætti
- Fyllt út matsblöð í lokin, jákvæð og hvetjandi gagnrýni.
- Allir töldu svona kynningu eiga rétt á sér, flestir vildu hafa hana einu sinni á önn í hverjum bekk.
- Hver kynning kostar u.þ.b. 2 klst. vinnu, sem utan vinnutíma kostar rúmlega 10.000 kr. (eftirvinna)

Kíkt inn á tvær kynningar:

- Video á Youtube:

- 10. bekkur: <http://www.youtube.com/watch?v=stpKgst-Esc&list=UUOyNa7w6hTqPR2zRZiScMEw&index=5&feature=plcp>

- 5. bekkur:

- <http://www.youtube.com/watch?v=J08V1mRFK8E&list=UUOyNa7w6hTqPR2zRZiScMEw&index=1&feature=plcp>

Dagskrá og fyrirkomulag kynningar

- Kaffi, te og djús-veitingar og spjall strax og fólk kemur.
- Síðan sest niður, æskilegt að fjölskyldur sitji saman.
- Kennarinn kynnir dagskrána, sýnir glærur og spyr og svarar, um hvað sé náttúrufræði og hvers vegna sé mikilvægt að læra hana.
- Kennari kennir einn lítinn þátt námsefnis og leggur gjarna fyrir eitt verkefni sem leyst er í blönduðum fjölskylduhópum
- Nemendur kynna það sem þeir hafa verið að gera og leggja þrautir fyrir foreldra.
- Spurningar og umræður – auglýst eftir hugmyndum
- Útfyllt matseyðublað

Spurningar sem kennarinn leitar svara við með gestunum (bara í fyrri kynningu)

- Hvað er náttúrufræði (eða náttúruvísindi)? →
- Hvers vegna þurfum við að læra náttúrufræði?
- Er ekki hægt að sleppa því að læra heima?
- Af hverju þurfum við að læra svona mikið?
- Hvað hefur breyst síðan foreldrarnir voru í skóla?
- Hvað gerist í venjulegum náttúrufræðitíma

Náttúrufræði = náttúruvísindi = raungreinar:

- Eðlisvísindi: (eðlisfræði, efnafræði, lífefnafræði, efnaverkfræði, vélaverkfræði ...)
- Jarðvísindi: (jarðfræði, jarðeðlisfræði, jarðskjálftafræði, eldfjallafræði, stjörnufræði, stjarnvísindi)
- Lífvísindi: Líffræði, dýrafræði, grasafræði, erfðafræði, örverufræði, vistfræði, lífeðlisfræði, lífefnafræði, ...)
- **Starfsgreinar sem byggja aðallega á náttúrufræði:**
- Læknisfræði, sjúkraþjálfun, hjúkrunarfræði, verkfræði, tæknifræði, tölvufræði, umhverfisfræði, búvísindi, ...
- Það vantar alltaf fólk í þessar greinar – vel borgað 😊

Spurningar frá 5. bekk til foreldra og óskir (fyrri kynning, í nóv. 2011)

- Setja mynd og láta giska á hvað þetta er, t.d. teikna eitthvað.
- Af hverju heitir planta horblaðka eða reiðingsgras?
- Hvað ver stofn trjáanna fyrir frosti og þurrki vetrarins?
- Láta þau gera fæðuvef?
- Hvaða rottur eru algengastar, brúnar eða svartar?
- Myndagetraun, t.d. votlendi
- Spilum fuglahljóð af www.nams.is – og líka fuglamyndir
- Hvers vegna skyldu laufblöð holtasóleyjar heita rjúpnalauf?
- Syngja 3 lög

5. Bekkur mánud. 21. nóv.

- **Lífrikið á landi** fram í janúar. Kynning algengra lífvera sem lifa á landi hér á landi, mest plöntur og fuglar, en einnig pöddur, sveppir, fléttur og mosar.
- Eðlis-, efna- og jarðfræði tekur við á vorönn
- 4 vikustundir
- Nemendur voru mjög áhugasamir um kynninguna, undirbjuggu vel í næstu kennslustundum á undan, réðu miklu um dagskrána:
- Frjáls skoðun á stofunni, lífverum í glerskáp, pöddum í víðsjá.
- Eftir kynningu verkefnisins og náttúrufræðanna sýndi kennarinn glæru með spurningum sem nemendur höfðu ákveðið að leggja fyrir foreldrana. Einnig sýndar nokkrar glærur sem nemendur höfðu séð og þekktu vel, m.a. myndagáta með lífverum í votlendi og myndir um holt og móa sem við erum að læra um þessar mundir. Þarnaest lögðu nemendur fyrir foreldrana (og sig sjálf) leikina á Fuglavef Námsgagnastofnunar þar sem glímt er við að þekkja fugla ýmist af myndum eða hljóðum. Að lokum voru sungin 5 lög eftir textum á skjávarpa við gítarundirleik kennarans, nokkuð sem gert er af og til í kennslustundum. Í þessum bekk er almennur áhugi á að syngja og var mjög góð þátttaka í söngnum. Að söngnum loknum sleit kennarinn formlegri dagskrá, hvatti fólk til að spjalla saman og hver fjölskylda merki við á matsblað áður en hún fór heim. Sameiginlega dagskráin tók u.þ.b. 45 mín. Flestir gestirnir stoppuðu tæpa klukkustund.
- Þau mistök urðu við boðun kynningarinnar að boðið sem sent var út 4 dögum áður fór óvart til fjölskyldna 6 bekkjar og kennarinn komst ekki að því fyrr en u.þ.b. 4 klst fyrir kynninguna og sendi þá fyrst út tölvupóst. En nemendur vissu sumir að þessu og í kennslustundum f.h. Þennan sama dag hringdu mörg þeirra í foreldra sína til að segja þeim tíðindin. Þessi mistök virðast ekki hafa komið mjög að sök því metþátttaka varð: 13 nemendur, u.þ.b. 14 foreldrar (báðir foreldrar þriggja nemenda) og u.þ.b. 8 yngri systkini. Samtals u.þ.b. 35 manns.

6. Bekkur mánud. 7. nóv.

- **Lífríkið í vatni – Vogatjörn sem þema, ágúst til nóv.**
- Eðlis- og efnafræði nóv. – mars
- Heilsufræði mars - maí
- 4 vikustundir
- Skoðuðum bæði dauðar og lifandi lífverur úr tjörninni sem og veggspjöld nemenda.
- Kennari sýndi myndir af tjarnarlífverum á skjávarpa, m.a. myndir sem nemendur hafa sjálfir tekið. Mikið rætt um hornsíli með sníkjuormum, brunnklukkur, tjarnartítu og ekki síst vorflugulirfur, en þennan dag hafði einn nemandinn gert merkilega tilraun. Hún var með tvær vorflugulirfur í skál og tók húsið af annarri. Þær fóru þá að bitast um þetta eina hús og hún tók það upp á myndband. Um kvöldið var ljóst að önnur hafði étið afturendann af hinni! Þetta vakti mikla athygli.
- Til stóð að foreldrar, nemendur og systkini byggju saman til víðsjár / smásjársýni en ekki varð að því utan hvað mikið var unnið með vorflugulirfuna. 3 nemendanna voru feimnir og hlédrægir en ein stúlka mjög virk og dugleg að segja frá og sýna.
- Það mættu 4 nemendur, 8 foreldrar, 1 afi og 5 systkini, þar af eitt eldra, samt. 18.

7. Bekkur mánud. 14. nóv.

- **Lífríkið í sjó – þema, ágúst til nóv.**
- Eðlis- og efnafræði nóv. – mars
- Heilsufræði mars - maí
- 4 vikustundir
- Á kynningunni skoðum við lífverur úr fjörunni og veggspjöld nemenda.
- Eftir kynningu verkefnisins og líka náttúrufræðanna sýnir kennarinn hluta af glærunum sem nemendur höfðu séð og fór á ógnarhraða yfir hvað þau eiga að hafa lært. Endað á spurningum sem bæði foreldrar og nemendur glímdu við.
- Foreldrar, nemendur og systkini skoða, leysa þrautir og búa til víðsjár / smásjársýni, en aðallega þó spjalla saman. Krakkarnir fengu afhent próf og vinnubækur með hvatningu um að skoða það með foreldrum sínum.
- Mæting var óvenju góð: 14 nemendur (af 20); 14 foreldrar 11 nemenda og eitt yngra systkin, samtals 29 manns. Það var erfiðara að þjónusta svo marga, minna samband við hvern og einn og meiri órói á köflum. Fór samt mjög vel fram. Kex, kaka og snakk kláraðist frekar fljótt en kaffi, te og djús dugði. Þessi kynning var styttri en áður, þeir fyrstu fóru heim um kl. 18:50 stuttu eftir að kennarinn hætti sýnum fyrirlestri og gaf tóm fyrir spjall og þrautir.

8. Bekkur Þriðjud. 8. nóv.

- *Efnisheimurinn* kennd á haustmisseri
- Einkenni lífvera kennd á vormisseri
- 4 vikustundir
- Fólk fær kaffi, djús, snakk, kex og kökur um leið og það kemur og spjallar óformlega. Þegar klukkan er u.þ.b. 18:15 kveður kennarinn sér hljóðs upp við töflu.
- Kennarinn kynnir verkefnið og segir frá náttúrufræðinni og efnafræðinni sem krakkarnir eru að læra – og hvað sé í húfi. Skoðum nokkrar glærur en aðallega kynntar bóklegar og verklegar æfingar sem fjölskyldurnar fengu að velja sér. Góð þátttaka.
- Verkefni: fylla út í töflutölur um fjölda rafeinda, róteinda, nifteinda og frumeindamassa nokkurra frumeinda og jóna, allir hjálpast að; byggja ákveðnar frumeindir og sameindir úr til þess gerðum kúlum; Skoða efni í glösum og svara um þau spurningum og skoða prófið sem nemendur tóku í dag. Þrjár fjölskyldur spreyttu sig á því.
- 5 fjölskyldur mættu, þ.e. 5 nemendur, 7 foreldrar. 6 systkin og 1 frændi; samtals 19 manns.

9. Bekkur Þriðjud. 1. nóv.

- *Lífheimurinn* kennd á haustmisseri – **FLOTT BÓK!**
- Stjörnufræði kennd á vormisseri, spennandi en erfið á köflum.
- Aðeins 2 vikustundir í náttúrufræði
- Eftir kaffispjall í byrjun sýndi kennarinn glærur um kynninguna, náttúrufræðina og kennsluna og spjall og spurningar þar um. M.a. um metnað og möguleika í greinum sem byggja á náttúrufræði.
- Skoðuðum glærur um plöntur sem voru á dagskrá 3 síðustu vikur og spjall þar um.
- Foreldrar og nemendur leystu saman prófið frá því fyrr um daginn – reyndu að ná betri einkunn en kom svipað út. Þriðji hópur foreldra og nemenda vann verkefni um fæðu úr plöntum, en nemendur höfðu unnið það fyrir 3 vikum.
- 2 foreldralausir drengir skoðuðu sjávarlífverur úr kerri í víðsjá og smásjá og öðrum tókst að taka smásjármynd af öndunarhreyfingum þanglúsar.
- Í lokin fylltu hóparnir með foreldrunum út hver sitt matsblaðið.
- Aðeins mættu 5 foreldrar þriggja nemenda, 5 nemendur án foreldra og eitt yngra systkin, s samtals 14 manns.

10. Bekkur miðvikud. 2. nóv.

- Erfðir og þróun kennd á haustmisseri.
- Orka og umhverfi kennt á vormisseri
- Aðeins 2 vikustundir

- Skoðum glærur um DNA og mannerfðafræði

- Foreldrar og systkini leysi saman verkefnið um börnin og blóðflokkana – og úrskurða hvort foreldrar fengu með sér rétt barn heim af fæðingardeild (sbr. Þessa frétt frá Rússlandi):
http://www.mbl.is/frettir/erlent/2011/10/31/baetur_fyrir_ad_fa_rangt_barn/

- Áttum mjög gott spjall, góð stemming
- Mættu 7 foreldrar og 7 nemendur og eitt yngra systkin, samtals 15. Byrjað á kaffispjalli síðan kynningu og á endanum verkefni, tók allt um 80 mín. Hóparnir fylltu út hver sitt matsblaðið í lokin.

Hver, hvenær og hve margir - á haustönn

- Þri. 1. nóv. 10. bekkur: 7 foreldrar, 7 nemendur, 1 y.systkin = **15**
- Mi. 2. nóv. 9. bekkur: 8 nem., 5 foreldrar, 1 y.systkin, samt. **14**
- Má. 7. nóv. 6. bekkur: 4 nem. 8 foreldr., 1 afi, 5 systkini = **18**
- Þri. 8. nóv. 8. bekkur: 5 fjölskyldur: 5 nem., 7 foreld. 6 systk. 1 frændi, samtals **19** manns
- Má. 14. nóv. 7. bekkur: 14 nem., 14 foreldr. 11 nemenda og eitt yngra systkin, samtals **29** manns.
- Má. 21. nóv. 5. bekkur: 13 nemendur, u.þ.b. 13 foreldrar og 1 afi (11 fjölsk.) og u.þ.b. 8 yngri systkini. Samtals u.þ.b. **35** manns
- Samtals komu **130 manns** á allar 6 kynningarnar, fáeinir foreldrar og systkini komu tvisvar, en alla vega komu rúmlega 120 einstaklingar.
- Alla dagana var kynningin kl. 18 – 19.10. Klukkustund gæti verið nóg.

Minnisatriði kennara

- Gera stundaskrá
- Hafa samband við foreldrafélag og bekkjarfulltrúa
- Búa til matseyðublað
- Kaupa inn matvöru og falast eftir kaffi og áhöldum frá skólanum.
- Kynning á mentor og í kennslustundum skömmu fyrir hverja kynningu.
- Taka til kaffi, djús og veitingar og vaska upp í lok hverrar kynningar.
- Útbúa stofuna, taka til gögn og græjur
- Láta fylla út matsblöð í lokin og skrá hvað gerðist, hvernig gekk og hve margir mættu

Bréf til foreldra 10.bekkkjar

- Kæru foreldrar og nemendur í 10. bekk.
- Þið eruð hér með boðin velkomin í náttúrufræðistofuna á þriðjudaginn, 1. nóv. kl. 18. Þar mun ég, með aðstoð nemenda, kynna náttúrufræðikennsluna og gefa ykkur sýnishorn af því sem nemendur eru að fást við. Við erum um þessar mundir að fást við erfðafræði sem er býsna spennandi grein náttúruvísinda. Þarna verður gott tækifæri til að ræða málin, m.a. um það sem tekur við eftir útskrift frá Stóru-Vogaskóla í vor. Boðið verður upp á léttar veitingar. Vonandi geta allir mætt og við átt saman frjóa síðdegisstund. Systkini, afi og amma eru einnig velkomin. Sjáumst vonandi í náttúrufræðistofunni á þriðjudaginn kl. 18. Þessi kynning er nýmæli og gerð í tilraunarskyni, verkefni sem nýtur styrks frá Kennarasambandinu.

Ítrekun vegna 8. bekkjar

- Sæl nemendur í 8. bekk og kærur foreldrar.
- Ég minni á tvennt mikilvægt í náttúrufræði á morgun:
- Í kennslustundunum verður próf í 2. kafla Efnisheimsins bls. 20-38. Þá á líka að skila vinnumöppunni með verkefnum, athugunum og glósum úr 2. kafla.
- Síðdegis kl. 18 - 19:15 komum við saman í náttúrufræðistofunni, nemendur, foreldrar og aðrir fjölskyldumeðlimir og segjum hvort öðru frá og sýnum það sem við erum að gera í náttúrufræði um þessar mundir. Gestirnir fá að spreyta sig á einhverju því sem nemendur eru að gera. Smá veitingar í boði.
- Sjáumst.
- Kv. Þorvaldur

Kynning á náttúrufræðikennslu í Stóru-Vogaskóla

Mat

- Á svona kynning rétt á sér? ___ Já ___ Nei ___ Veit ekki
- Hvað heppnaðist best í kynningunni? _____

- Hvernig ætti að haga kynningunni öðru vísi? _____

- Hversu oft ætti svona kynning að vera? _____

- Hvað fleira viltu segja um kynninguna? _____

Fréttatilkynning (nóv. 2011)

- **Kynning náttúrufræðikennslu í Stóru-Vogaskóla**
- Um þessar mundir fer fram kynning á náttúrufræðikennslu í Stóru-Vogaskóla fyrir fjölskyldur nemenda. Haldin er síðdegissamkoma fyrir 5. – 10. bekk, hvern bekk fyrir sig, þar sem náttúrufræðikennarinn segir frá hvað er verið að kenna og til hvers er ætlast. Einnig sýnir hann og bekkurinn hvernig kennslan fer fram og foreldrar og systkini fá að spreyta sig á verkefnum sem nemendur hafa verið að glíma við. Einnig gefst tækifæri til að skoða náttúrufræðistofuna með tilheyrandi tækjum og sýningargripum. Mæting hefur verið fremur dræm í sumum bekkjum og mjög góð í öðrum, allt upp í 30 manns.
- Hér er um tilraunaverkefni að ræða. Þorvaldur Örn Árnason, náttúrufræðikennari við skólann, sótti um og fékk styrk til að prófa kynningu af þessu tagi og mun skila skýrslu um hvernig þetta fór fram og hvað þátttakendum fannst. Þeir fylla út lítið matsblað í lok kynningar þar sem fram kemur hvernig þeim fannst til takast, hvað mætti fara betur og hvort svona kynning eigi rétt á sér.

Síðari lotan - vormisseri

- Sótt var um styrk til að halda 2 kynningar í hverjum bekk, eina að hausti og aðra að vori, samtals 12 kynningar.
- Sótt var um 150.000 kr. en fengust 100.000.
- Ákveðið að fækka kynningum um 1/3 í samræmi við niðurskurð styrkuppþæðinnar og hafa þær 8, þ.e. 6 á haustönn og 2 á vorönn.
- Ákveðið að bjóða aðra kynningu þeim bekkjum sem best mæting var í á haustönn, en það eru 5. og 7. bekkur.
- **5. bekkur miðv.d. 21. mars og 7. bekkur fimmtud. 22. mars**
- **Fyrirkomulag eins og á haustönn, nema nemendur taka meiri þátt og námsefni í bekkjunum var þá allt annað.**

Bréf til fjölskyldna nemenda í 5. bekk.

- Þið eruð hér með boðin velkomin í náttúrufræðistofuna á miðvikudaginn, 21. mars. kl. 18. Þar munu ég og nemendur kynna náttúrufræðikennsluna og gefa ykkur sýnishorn af því sem við erum að fást við. Við höfum verið að fást við eðlisfræði sem er býsna spennandi grein náttúruvísinda og erum nú sem stendur að læra svolítið um stjörnufræði, tímatal, flóð og fjöru og veður. Eftir páska verður það jarðfræði Íslands. Boðið verður upp á léttar veitingar. Vonandi geta allir mætt og við átt saman frjóa síðdegisstund. Systkini, afi og amma eru einnig velkomin. Sjáumst vonandi í náttúrufræðistofunni í Stóru-Vogaskóla á miðvikudag. Bestu kveðjur. Þorvaldur Örn

P.s. Ef fjölskyldan vill sökkva sér í stjörnusköðun er hér skemmtilegt forrit sem hægt er að hlaða niður í tölvuna og skoða sólkerfið okkar á mjög lifandi hátt: <http://www.astro.is/stellarium/>

Hvað gerum við með foreldrum og systkinum í kvöld kl. 18:00?

(5. bekkur 21. mars 2012)

- Rafmagn og perur
- Seglar og segulsvið
- Rafsegull
- Stellarium? (féll niður)
- Hvað við gerum í vor (kennari sagði frá og sýndi glærur)
- Spurningakeppni, sjá spurningar á annarri glæru.
- Söngur

Spurningar sem 5. bekkur ákvað að leggja fyrir foreldra sína og systkin í mars 2012

- Hvað heita pláneturnar (reikisstjörnurnar)?
- Hvað er stöðurafmagn og hvernig myndast það?
- Hvað kallast hlutur sem segulmagnast af völdum rafstraums?
- Af hverju er hættulegt að fá sterkan rafstraum í sig?
- Hvort er bjartara í herbergi með dökkum eða ljósum veggjum?
- Hvaðan berast heitir loftstraumar til Íslands?
- Hvar á segli er segulsvið hans sterkast?
- Af hverju er minnsta úrkoman á Íslandi norðan við Vatnajökul?
- Nefnið 5 dæmi um hvernig er hægt að nota segla.

Hvernig gekk í 5. bekk 21. mars 2012?

- **Námsefni frá 20.** janúar: Eðlis-, efna- og jarðfræði, námsbók Auðvitað 1 ásamt verkefnum. Búin að læra um ljós, rafmagn, segulmagn, sólkerfið (tímatal, myrkvar, flóð og fjara o.fl).
- 4 vikustundir sem fyrr
- Nemendur voru áhugasamir um kynninguna, undirbjuggu vel í næstu kennslustundum á undan, réðu miklu um dagskrána:
- Fólk var að koma frá 17:50 – 18:15 og á meðan var óformlegt spall og nartað í veitingar (kaffi, te, ávaxtasafa, kleinur, kex, snakk, gúrku, ídýfu o.fl.)
- Kennarinn tók orðið 18.15 og spjallaði í 12 mín. við viðstadda um námið fram að þessu og þar sem er fram undan og sýndi hratt glæruflokk um jarðfræði Íslands sem er framundan og minnst á hugsanlega vettvangsferð í vor.
- Nemendur sýndu fjölskyldum sínum segla, rafhlöður, perur, leiðslur o.fl. sem þau hafa verið að vinna með og kennarinn hafði lagt á vinnuborðin. Gerðar tilraunir og þælt. Gagnkvæmt kennslu ungra og gamalla. Stóð í ca. 15 mín.
- Nemendur lögðu spurningar sem þau höfðu samið í tímanum á undan (mjög tengt námsefninu). Þær höfðu verið skráðar í tölvuna og var varpað upp á töfluna. Flestir nemendurnir tóku virkan þátt (m.a. að skrifa svör á tövluna) en var ekki mjög skipulegt og þurfti kennarinn að eins að grípa inní. Tók u.þ.b. 15 mín.
- Söngur. Sungin 3 lög sem líka voru sungin í kennslustundinni á undan. Textunum varpað á töfluna. Kennari lék undir á gítar og 5 nemendur léku á rypmahljóðfæri (maracas og skellibjöllur). Mjög almenn þátttaka, enda er þetta óvenju söngelskur bekkur. (Lögin voru: Aftur heim; Þú komst við hjartað í mér; og Gestalistinn.
- Gestirnir voru alls 17, þ.e. 6 foreldrar 5 nemenda, 3 nemendur án foreldra og tvö yngi systkin. Á haustkynningunni í þessum bekk mættu tvöfalt fleiri, þ.e. 35 manns, sem var met. 18 nemendur eru í bekknum.
- Kynningin stóð í 75 mín., þar af dagskrá í 60 mín. en fyrstu 15 mín óformlegar).
- Merkt var á matsblöð, sjá næstu gæru

Kynning kennarans (12 mín)

- Velkomin
- Gildi samstarfs heimila og skóla, þurfa að vita hvort að öðru, treysta og vinna vel saman.
- Tvíþætt gildi heimavinnu: að skapa meiri tíma til að læra (hægt að læra meira) og að foreldrar setji sig betur inn í það sem nemendur eru að læra í skólanum.
- Um það sem við höfum verið að gera.
- Um það sem er framundan til vors, m.a. Sýndar glærur og minnst á hugsanlega ferð í voru með þátttöku foreldra.

Mat viðstaddra á kynn. 5.b. 21. mars.

- Tekið var myndband af hluta þess sem fram fór (kennari tók svolítið og eitt foreldrið öllu meira. **Klippt?**)
- Notað sama eyðublað og í fyrri kynningum, sjá aðra glæru framar.
- Útfyllt voru 7 eyðublöð, þ.e. ein af hverri fjölskyldu (saman) og tvær stúlkur án foreldra merktu saman á blað og merktu, önnur voru ómerkt.
- Allir töldu svona kynningu eiga rétt á sér. 3 vildu hafa kynningu tvisvar á önn, en hinir 4 vildu hafa hana einu sinni á önn.
- Það var nokkuð misjafnt hvað fólki fannst hafa heppnast vel. 3 nefndu sönginn og 4 tilraunirnar (að fá að prófa það sem nemendur eru búin að vera að læra um) og að sýna þau tæki. Einnig minnst á kynningu kennarans, að láta nemendur og foreldra vinna saman, að láta fólk vera forvitið.
- Hvernig ætti að hafa kynningunni öðru vísi: Þarf að skipuleggja krakkana betur; mætti kannski vera markvissari og skipulagðri; hafa hljótt og láta fólk heyra; einstaklingsverkefni fyrir foreldra að leysa með nemendum; meiri hvatningu fyrir foreldra að mæta; kannski kl. 17 (í stað 18).
- Frh. á næstu glæru:

Mat á 5. b. Kynningu, frh.

- Hvað fleira vildi fólk segja um kynninguna (svör við síðustu spurningunni):
 - Alltaf gaman að koma í skólann og sjá hvað krakkarnir eru að gera.
 - Eins og kennarinn komst að orði, þá er tilvalið að reyna að fá heimilin meira inn í námið, vera upplýstari um það sem barnið er að gera í tímum.
 - Hvað fólk var forvitið (svar 2 nemenda án foreldra)
 - Frábært framtak, hlakka til að mæta næst
 - Frábært framtak, mætti vera í öðrum fögum líka.
 - Virkilega skemmtileg. Gæti verið gaman að fá foreldra með börnum í að undirbúa og jafnvel gefa því rýmri tíma. Hlakka til næstu kynningar.
 - Flott og skemmtileg. Nauðsynlegt að enda með söng, hristir upp í öllum.
- x

7. bekkur mánud. 26. mars 2012 kl. 18 – 19:15

- Kynnt og undirbúið með sama hætti og hjá 5. bekk í vikunni á undan.
- Dagskrárhugmyndir ræddar við bekkinn í tímunum 22. og 26. mars. Ekki kom mikið af hugmyndum frá nemendum og almennt ekki mikil stemming fyrir kynningunni, en þau tóku vel flestum tillögum kennarans. Útkoman varð þessi dagskrá:
- Óformlegt spjall og veitingar meðan fólk var að koma, en þeir síðustu komu ekki fyrir en kl. 18:20.
- Kynning kennarans í 15 mínútur; um tilgang kynningarinnar, samhengi við þá fyrri og um það sem bekkurinn hefur verið að fást við. M.a. Sýnda glærur úr kennslu um varma og orku og lagðar nokkrar spurningar fyrir viðstadda. Frh. →

Dagskrá 7.b. frh.

- Nemendur kynntu foreldrum powerpoint-kynningar sínar um orkumál sem þau höfðu unnið og flutt fyrir bekkinn í vikunum á undan. Tók nokkurn tíma og var vel tekið. Enginn þvingaður til að kynna en langflest voru fús til þess.
- Í lokin lögðu nemendur fyrir áhugasöm foreldri þá þraut (sem þau höfðu glímt við í vetur) að giska á hitastig vatns með því að stinga fingri ofaní nokkur glös með mis heitu vatni. Sumir tóku þátt en þeir sem voru að flýta sér fóru.
- Alls mættu 21; þ.e. 6 foreldrar 5 nemenda; 11 nemendur; 3 yngri systkin og eitt eldra systkin ásamt 2 vinum (öll í 10. bekk).
- Því miður gleymdist að leggja matsblöð fyrir, en það var gert í lok allra annarra kynninga.